

Málsnr.: R17090251
Skjalasafn Ráðhúss
03. ágú. 2018
Bréfalykill: 010

Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a
105 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is


Reykjavík, 30. júlí 2018
Tilvísun: 2018050831VS/--


Persónuvernd vísar til tilkynningar, dagsettrar 12. júní 2018, um frumkvæðisathugun stofnunarinnar á vinnslu persónuupplýsinga úr kjörskrá og rannsókn á kosningaþátttöku, samhlíða framkvæmd borgarstjórnarkosninga í Reykjavík í maí 2018.

Persónuvernd barst svarbréf Hagstofu Íslands 28. júní síðastliðinn. Í bréfinu kemur fram að fyrirkomulag við hagskýrslugerð um kjörsókn eftir aldri, við framkvæmd sveitarstjórnarkosningarnar 2018, hafi verið í samræmi við lög nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, og lög nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna. Í bréfinu segir að birting framangreindra hagtalna hafi verið hluti af hefðbundinni birtingu Hagstofunnar á kosningahagtolum í hagtúðindaheftri og vefstöflum á vef stofnunarinnar. Aðkoma Hagstofu Íslands að umræddri rannsókn hafi því ekki verið nein umfram að tekið hafi verið vel í tillögur Reykjavíkurborgar og rannsakenda við Háskóla Íslands um að þróa frekar hagtölur og miðlun þeirra. Einn fremur segir í svarbréfi Hagstofunnar að stofnunin taki ekki þátt í aðgerðum sem stuðli að breyttri hegðun einstaklinga eða lögaðila en lýsi samfélaginu eins og það er. Þá kemur fram að við gagnasófnun fyrir hagtölur um kjörsókn eftir aldri hafi verið gætt að öryggi persónuupplýsinga, í samræmi við þágildandi lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Að framangreindu virtu tilkynnist hér með að ákveðið hefur verið að fella mál þetta niður gagnvart Hagstofu Íslands.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Valborg Steingrimsdóttir

Afrit: Reykjavíkurborg og Hulda Þórisdóttir og Magnús Þór Torfason.